SKÓGRÆKT RÍKISINS



VAGLASKÓGUR

ÞJÓÐSKÓGAR

ÞJÓÐSKÓGARNIR OPNIR ALLAN SÓLARHRINGINN ALLA DAGA ÁRSINS

www.skogur.is

Aðalskrifstofa
Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
470 2000, skogur@skogur.is

Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá
Kjalarnesi, 116 Reykjavík
470 2050, mogilsa@skogur.is

Skrifstofur á Akureyri
Gömlu gróðrarstöðinni,
Krókeyri, 600 Akureyri
470 2012, akureyri@skogur.is

Skógarvörður á Austurlandi
Hallormsstað, 701 Egilsstaðir
470 2070, hallormsstadur@skogur.is

Skógarvörður á Suðurlandi
Gunnarsholti, 851 Hella
470 2080, sudurland@skogur.is

Skógarvörður á Norðurlandi
Vöglum, 601 Akureyri
470 2060, vaglir@skogur.is

Skógarvörður á Vesturlandi
Hvammi, 311 Borgarnesi
470 2040, vesturland@skogur.is

UM ÞJÓÐSKÓGANA

Þau lönd sem Skógrækt ríkisins hefur umsjón með fyrir hönd þjóðarinnar ganga undir heitinu þjóðskógarnir. Skógarnir eru opnir öllum, allan ársins hring, um allt land. Í marga er auðvelt að komast og ýmis konar aðstaða fyrir hendi. Annars staðar þarf að hossast í öflugum jeppa eða ganga upp bratta hlíð í ósnortinn skóg.



HRINGDU Í SKÓGINN

Við stíga í þjóðskógunum er að finna staura með símanúmerum. Þegar gengið er fram á slíkan staur er upplagt að taka upp símann, hringja í númerið sem gefið er upp á staurnum og hlusta á skemmtilega fróðleiksmola um skóginn lesna fyrir sig. Hver lestur er um 2 til 5 mínútur að lengd og gjaldið er það sama og í venjuleg símanúmer.

VAGLASKÓGUR

Vaglaskógur í Fnjóskadal er meðal fjölsóttustu skóga á Íslandi. Árlega koma þúsundir ferðamanna í skóginn, bæði til að njóta þar dvalar og útiveru, enda skógurinn tilvalinn til útivistar að sumri sem vetri.

Í Vaglaskógi er aðalstarfsstöð Norðurlandsdeildar Skógræktar ríkisins. Meginverkefni starfsmanna eru grisjun skógarins, frærækt og framleiðsla ýmissa skógarafurða, s.s. arinviðar, trjáplatta og viðarkurls.

Í skóginum eru rekin tjaldsvæði og kjósa margir að eiga föst stæði fyrir tjaldhýsi sín þar yfir sumarið. Verslun er í Vaglaskógi sumarlangt og er þar að finna nauðsynjavörur og upplýsingar um afþreyingu og þjónustu í nágrenninu.

SAGAN

Vaglaskógur er einn elsti nytjaskógur á Íslandi. Snemma á 20. öld keypti landssjóður Íslands jörðina Vagli í Fnjóskadal sem skógurinn er nefndur eftir. Árið 1909 var skógurinn friðaður, skógarvörður settur á Vöglum og starfræksla gróðarstöðvar hafin.

Enginn birkiskógur hér á landi hefur verið hirtur jafnlengi og markvisst og Vaglaskógur. Grisjun skógarins hófst strax árið 1909 sem gerði Vaglaskóg einn beinvaxnasta birkiskóg landsins. Birkið á Vöglum hefur áberandi ljósan stofn, getur náð yfir 10 metra hæð og orðið um 90 ára gamalt.

Gróðursettar hafa verið um 650.000 plöntur í Vaglaskógi frá upphafi, alls af 26 ólíkum tegundum, þótt birkið sé ríkjandi. Meðal þeirra tegunda sem tilraunir hafa verið gerðar með í skóginum má nefna skógarfuru, rauðgreni, hvítgreni, stafafuru og rússa-, síberíu- og mýrarlerki.

NYTJAR OG LÍFRÍKI

Kolgrafir finnast mjög víða í Vaglaskógi. Viðarkol voru gerð úr íslensku birki fyrr á öldum til rauðablásturs og járnsmíða. Á Vöglum var í notkun vörubíll sem knúinn var viðarkolagasi í kringum síðari heimsstyrjöldina - eina ökutækið af þeim toga á Íslandi.

Skógurinn sér skógarfuglum fyrir mat, hreiðurstæði og vernd fyrir ránfuglum. Meðal algengra fugla í Vaglaskógi eru skógarþröstur, músarrindill, hrossagaukur, auðnutittlingur og rjúpa, ásamt nýbúanum glókolli.

Margir leggja leið sína í Vaglaskóg til jurtaskoðunar, sveppa- og berjatínslu. Í Vaglaskógi er að finna ýmsa bragðgóða matsveppi, s.s. kúalubba, lerkisvepp og furusvepp. Hrútaber dafna vel á sólríkum og skjólgóðum stöðum, t.d. í gras- og blómabrekkum í gisnu kjarri eða birkiskógi. Hrútaber er því víða að finna í Vaglaskógi þegar líður á sumarið og sækjast margir gestir skógarins eftir þeim. Úr hrútaberjum má gera saft og sultur.

Skógrækt ríkisins sinnir ráðgjöf, rannsóknum, fræðslu, verndun og þróun á sviði skógræktar á Íslandi, ásamt almennri umhirðu þjóðskóganna. Aðalskrifstofa Skógræktar ríkisins er á Egilsstöðum en stofnunin er með starfsemi í öllum landshlutum. Á Mógilsá í Kollafirði er rekin rannsóknastöð skógræktar og skógarverðir eru staðsettir á Hallormsstað, Vöglum í Fnjóskadal, í Gunnarsholti og við Hreðavatn.

GÖNGULEIÐIR Í SKÓGINUM

SKÓGARLEIÐ

Fylgið stikum með gulum lit - 3.410 metrar

Gönguleiðin liggur frá tjaldstæði syðst í skógi og norður að gömlu bogabrúnni, samsíða aðalakvegi í gegnum skóginn. Leiðin liggur samsíða blárri gönguleið á kafla framhjá þjónustuhúsi, um birkiskóg og samsíða rauðri gönguleið um tjaldsvæði í Stórarjóðri. Leiðin endar við gömlu bogabrúna sem byggð var 1908. Þessi gönguleið er auðveld þar sem hæðarmunur er óverulegur. Leiðin gefur góða yfirsýn yfir gróðurfar í skóginum.

SJÓNARHÓLSLEIÐ

Fylgið stikum með bleikum lit - 920 metrar

Gönguleiðin liggur upp frá bílastæði við þjónustuhús og fylgir reiðleið ofan þess. Komið er aftur niður að þjónustuhúsi. Gengið er um blandaðan skóg. Hæðarmunur er um 35 metrar.

BEITARHÚSAHRINGUR

Fylgið stikum með bláum lit - 3.810 metrar

Gengið er frá þjónustumiðstöð í suður samsíða gulri gönguleið, smáspöl eftir reiðleið og þá upp í skóg að Arnþórslundi, sem er sitkagrenilundur gróðursettur 1947 af Arnþóri Guðnasyni í Mörk. Þaðan er gengið upp að Beitarhúsatóftum og síðan norður að Vaglabænum þar sem skógarvörður bjó fram yfir 1960. Þaðan niður að gulri gönguleið og samsíða henni að þjónustuhúsi. Út frá þessari gönguleið við gamla Vaglabæinn, er stikuð gönguleið á Hálshnjúk sem er 627 metra hár. Hæðarmunur á þessari gönguleið er um 110 m og er hún auðveldari upp að sunnan.

TRJÁSAFNSHRINGUR

Fylgið stikum með rauðum lit - 2.330 metrar

Gönguleiðin liggur samsíða gulri gönguleið frá tjaldsvæðinu í Stórarjóðri upp í gegnum blandaðan skóg að gróðrarstöðinni og trjásafni á Furuhól. Þar var byrjað að planta erlendum trjátegundum upp úr aldamótum 1900. Síðan liggur leiðin um mela ofan við trjásafnið, þar sem er góður útsýnisstaður. Því næst norður og niður um birkiskóg og blandaðan skóg þar sem trjátegundir eru merktar. Farið er framhjá fræræktarhúsi og endað á tjaldsvæðinu í Stórarjóðri. Þessi leið er nokkuð brött á köflum. Hæðarmunur er um 60 metrar.

VAGLASKÓGUR

Vegur
Gönguleið
Reiðleið
Trjásafn
Upplýsingar
Útsýnisstaður
Tjaldstæði
Húsbílar/tjaldvagnar
Móttaka á rusli

1 cm á kortinu samsvarar um 90 m

BOGABRÚIN

Fyrsta steinbrú sinnar tegundar hér á landi. Brúin var hönnuð og byggð árið 1908 af dönsku fyrirtæki og var þá lengsti steinbogi á Norðurlöndunum, tæplega 55 metrar. Brúin var færð í sitt uprunalega horf af Vegagerðinni árið 1993 vegna sérstöðu sinnar.

TRJÁSAFN

Svæði ofan gróðrastöðvarinnar og hluti hennar þar sem er að finna elstu gróðursetningar í Vaglaskógi. Stígur liggur um svæðið þar sem merktar eru allar helstu trjátegundir með uppruna og gróðursetningarári.

SJÓNARHÓLL

Melkollur þar sem útsýni hefur verið gott yfir skóginn.

BEITARHÚS

Gamlar beitarhústóftir Vagla frá því snemma á 20. Öld. Fallegar sýnilegar veggjahleðslur.

ARNÞÓRSLUNDUR

Sitkagrenilundur sem Arnþór Guðnason í Mörk gróðursetti árið 1947 og notaði afgangsplöntur sem komu frá Tumastöðum í Fljótshlíð í Heklugosinu.

Göngum vel um viðkvæma náttúru
Verið velkomin í Vaglaskóg!